

„Göngum burt og gjörum hið sama.“

„Það hleypir í mig hrolli að hugsa til þess“, sagði Bannihan. „Það virðist vera nóg fyrir nann einartn að vera sí eg æ á hausnum, útlendingur í ókunnu landi, en þegar maður er giftur þá dregur maður þó æfinlega dilk á eftir sér, og „samt er meira í vændum“ eins og stendur í kvæðinu. Í þessari hjúskapar-Paradís, sem er hér í Utah, vex fjölskyldan eins čit og einingarnar í margföldunartöflunni, og svo þegar maður deyr, þá eftirskilur maður ekkert til að skifta milli erfingjalla og lögmannsins. Það er þetta, og umhugsunin um þetta, sem hleypir í mig hrolli og kemur mér til að hika.“

„Raggeit!“ hvæsti Johnson, um leið og hann snaraðist úr tjaldinu.

Pegar þeir Botts og Bannihan voru orðnir einir aftur, fóru þeir að skemta sér við það að hlakka til morgundagsins, sem var fiskdagur, og eini dagurinn milli þeirra og Laugardagsins—hjúskapardagsins — sem átti að fela örlög þeirra þien eru ganna í skauti sínu.

Á sínum tíma rann hann líka upp sá dýrðlegi Laugardagur og á hánóni stóðu þeir allir við altarið í hinni heilögu Tjaldbúð, hver hjá sinni forlagadís.

Botts náði sér í gróflega fjöruga brúði frá búgarði nokkrum þar í nánd, en Bannihan fékk sér glóhærða gyðju þar ofan úr dölunum. Hún hafði einhverntíma verið krýnd fyrir Maídrotningu í Provo, og afleiðingarnar af því höfðu orðið þær, að síðan hafði litla höfuðið hennar ætið snuíð að „leikpallinum.“

Af því hún var hjálparþurfi og heimilislaus, eins og Bannihan, hafði hún tekið honum til vonar og vara, og þau byrjuðu nú að styðja sig hvort við annað.

Auðvitað sá Bannihan það að sér var ekki til setunnar boðið eftir að hann var nýgiftur, því ekki vildi hann láta „litla sól-argeislann“ sinn svelta. Það var verið að byggja musteri þar um þessar mundir og hann gat fengið atvinnu við að keyra skjöldóttan uxu, sem var láttinn draga grjótsleða, og þá vinnu tók hann. En þegar „Maídrotningen“ hans sá hann röltá á eftir uxanum þá fyrst blöskraði henni. Henni fannst það ekki